



KPÍ – KSÍ
ÍR - NFT

FRÆÐSLUFERÐ NORSKA ÞJÁLFARAFÉLAGSINS
LIVERPOOL FC OG EVERTON FC
FEBRÚAR 2011



Heimsókn til Liverpool FC og Everton FC

10. – 13. febrúar 2011

Í febrúar síðastliðnum bauðst undirrituðum að fara í árlega þjálfaraferð með norska þjálfarafélaginu (NTF) til Liverpool og kynnst unglíngastarfi Liverpool FC og Everton FC. Alls voru 30 þjálfarar frá Noregi, Danmörku og Íslandi skráðir í ferðina ásamt Teddy Moen, Frode Thomassen og Ivar Thoresen starfsmönnum NTF. Tilgangur ferðarinnar var að skoða aðstæður, fá innsýn í hugmyndafræði og aðferðarfræði tveggja afreksfélaga, ásamt því að fá smjörþef af hugsjón þeirra varðandi knattspyrnuþjálfun ungra afreksknattspyrnumanna í framtíðinni. Þessi tvö lið hafa getið sér gott orð síðustu áratugi og það hafa ófáir heimsklassa leikmenn komið úr smiðju þeirra síðustu ár.

Dagskrá ferðarinnar var þéttskipuð. Á fimmtudagseftirmiðdeginum var farið á æfingasvæði Everton FC á Finch Farm þar sem við fylgdumst með æfingum U9, U10, U13, U14 og U19 ára liða Everton og þar nutum við leiðsagnar Neil Dewsnip tækniráðgjafa U9-U19 ára liða. Einnig hlýddum við á fyrirlestur Ray Hall yfirmanns akademíunnar um „THE EVERTON WAY“ how to make a Evertonian.



Hjá Everton FC akademíunni starfa um 35 einstaklingar, 10 þeirra eru í fullu starfi en u.þ.b. 25 eru í hlutastarfi, annað hvort sem aðstoðarþjálfarar eða sinna öðrum störfum á æfingasvæðinu. Þeir sem eru í fullu starfi eru: Ray Hall (Academy Manager) hann er ábyrgur fyrir öllu heildarstarfi akademíunnar og aðalhlutverk hans er að leiða þjálfarateymið og iðkendir í gegnum hugmyndafræði félagsins. Sjá til þess að fjárhagur, aðstæður, þjálfarateymi, reglur, rannsóknir, hæfileikamótun, skipulagning, umönnun, menntun, samstarf við skóla og öll þau svið sem koma að starfi akademíunnar séu í lagi. Neil Dewnship (Technical Manager) er ábyrgur fyrir tæknilegri og taktískri þjálfun U9 – U16 ára leikmanna, ásamt því að vera með yfirumsjón yfir tækniteymi og öllum aðstoðarþjálfurum félagsins. Kevin Sheedy þjálfari U17-U19, Kevin O'Brien yfirmarkmannsþjálfari, Steve Hardwick sjúkraþjálfari, Richie Porter aðstoðarsjúkraþjálfari, Mike Dickinson yfirmaður menntunar og heilbrigðis leikmanna, Martin Waldron yfirnjósnari í nágrenni Everton, Joan Farrelly fjármálastjóri og John McKeown yfirmaður lyftinga-, frjálsþrótta- og þrekþjálfara.


„THE EVERTON WAY“

Fyrirlestur Ray Hall var mjög áhugaverður og fróðlegur en í byrjun þá lýsti hann sögu Everton FC og hvaða breytingar hafa átt sér stað síðustu ár undir hans stjórn. Ray Hall hefur stjórnað Everton FC akademíunni í 12 ár og gengið í gegnum súrt og sætt síðustu ár. En eins og Ray sagði þá er „Akademían ekki bara bygging“ „Ekki bara hópur fólks“ „Ekki bara prógramm“ heldur allir þessir hlutir og margt fleirra. Akademían er fyrst og fremst hugmyndafræði, menning, leið til að framkvæma hluti. Þetta kalla þeir „THE EVERTON WAY“ og einkunnar orð þeirra er „Nil Satis Nisi Optimum“ sem þýðir „Ekkert nema það besta er nógu gott“. Ray Hall talaði mikið um mikilvægi þess að drengjunum liði vel á Finch Farm og að allir væru að róa í sömu átt. Hvort sem það væri hann eða hliðarvörðurinn sem tekur á móti iðkendum og foreldrum. Hann sýndi okkur hvernig þeir stýra leikmönnum í gegnum unglingastarfið og hugmyndafræðina sem liggur að baki því að finna nýja leikmenn í samstarfi við skólana og æfingabúðirnar sem þeir halda á hverju ári. Einnig mikilvægi þess hvernig á



að tilkynna drengjum sem eru 9 ára eða eldri að þeir séu ekki nægjanlega góðir til að fá áframhaldandi samning hjá félaginu. Ray Hall sagði að þeir mundu alltaf finna leikmanninum farveg hjá einhverju öðru liði eða aðstoða þá við að komast eitthvað annað. Hann lagði mikla áherslu á þetta væri vel unnið, því þetta væri þeirra leið sem þeir nota til að halda leikmanninum sem stuðningsmanni Everton áfram. Ef til þess kæmi að þeir hefðu rangt fyrir sér, mundu þeir geta fengið hann síðar á lífsleiðinni aftur til Everton FC. Rekstur akademíunnar kostar c.a. 4. milljónir punda á ári og því varð ég að spyrja Ray hvort þessi rekstur sé þess virði. Everton FC sættir sig við að koma 3-4 strákum upp í U20 á hverju ári og c.a. 1-2 á hverjum 2 árum í aðalliðið. Á síðustu 12 árum þá hefur þeim tekist að selja leikmenn fyrir 60 milljónir punda og reksturinn þessi 12 ár er u.þ.b. 48 milljónir. Því er það ljóst að rekstur afreksakademíu Everton FC gengur upp og skilar hagnaði. Ekki má samt gleyma því hversu mikil verðmæti aðalliðið hefur sparað á meðan ungir og efnilegir strákar spila með þeim. Því á meðan þarf liðið ekki að kaupa leikmenn fyrir morðfjár og greiða óraunhæfar launkröfur.

Aðstaða Everton FC akademíunnar er til fyrirmyndar og vel hugsað fyrir öllu hvort sem það er æfingaaðstaða fyrir yngriflokka eða aðalliðið. Alls eru 10 grasæfingavellir, gervigras utanhúss og gervigras innahúss, ásamt lyftingaraðstöðu, endurhæfingaraðstöðu, veitingaaðstöðu, búningsherbergjum, áhaldageymslum, fjölmiðlaherbergi, scout herbergi, fundarsölum og skrifstofum.





Föstudagsmorguninn var tekinn snemma því við áttum að heimsækja Liverpool FC akademíuna í Kirkby en hún er staðsett í norður Liverpool. Steve Cooper yfirþjálfari U12-U16 tók á móti hópnum og sýndi okkur æfingaaðstöðuna. Aðstaðan hefur verið í byggingu síðan 1998 og þrátt fyrir að hún sé ekki að fullu tilbúin þá er hún mjög flott og öfundsverð. Hópurinn fékk að sjá æfingu U18 ára liðsins og Rodolfo Borell þjálfara liðsins að störfum. Það var mjög áhugavert að fylgjast með Rodolfo og æfingunni því hann var síkjaftandi og stoppandi æfinguna í tíma og ótíma. Hann krafðist þess að leikmenn ynnu á miklum hraða, hreyfðu sig hratt og notuðu fáar snertingar. Móttakan á boltann átti að vera í lagi og það var ekkert kjaftæði í boði ef menn gerðu ekki það sem þeim var sagt. Það var mjög fræðandi að sjá hann vinna, stjórna og koma skilaboðum til leikmanna. Æfingahópurinn var ekki nema 10-12 strákar þar sem það var leikur kvöldið áður og sumir leikmannanna fengu hvíld. Það er klárt að aðferðafræðin sem hann notaði og beitti til að ná athygli leikmanna ættum við íslenskir þjálfarar að temja okkur. Því miður þá hefði þolinmæði íslenskra leikmanna dugað skammt í þessari æfingu og því ættum við Íslenskir þjálfarar að setja okkur markmið að búa slíka leikmenn til og ala þessa hegðun upp hjá þeim. Liverpool FC réð Frank McParland sem framkvæmdarstjóra akademíunnar og einnig Jose Segura sem nýjan (Technical Director) árið 2009. Jose starfaði hjá Barcelona í 13 ár og Olympiacos í Grikklandi í tvö ár áður en Liverpool náði að krækja í hann. Það hafa orðið margar breytingar á síðustu árum í þjálfarateymi Liverpool FC og nú sjá menn fram á betri tíma og þá sérstaklega eftir að Jose Segura tók við taumunum. Hann hefur unnið að gerð knattspyrnuhandbókar fyrir klúbbinn og allir þjálfarar vinna eftir henni. Því miður fengum við ekki að sjá innihald hennar en við fengum að vita í stórum dráttum hvað hún inniheldur. Það er ljóst að þetta nýja teymi hjá Liverpool FC akademíunni á eftir að skila einhverjum hæfileikaríkum leikmönnum inn í aðalliðið á komandi árum. Því miður hafði Steve ekki mikið af upplýsingum um klúbbinn og gat því ekki svarað öllum fyrirspurnum um kostnað akademíunnar og almenna stjórnun á henni.


Varðandi hugmyndafræði og aðferðafræðina þá var hún mjög lík „THE EVERTON WAY“ nema nálægðin við leikmenn aðalliðsins var eiginlega engin þar sem aðalliðið æfir á Melwood. Hjá Liverpool virtist það vera fjarlægur draumur að fá að sjá leikmenn aðalliðsins á hverjum degi eða fá að eyða með þeim heilum skemmtidegi líkt og hjá Everton. Umhverfið hjá Liverpool var mun alvarlegra og sagan meira höfð til hliðsjónar. Því miður þá fannst mér vanta mikið í fyrirlesturinn hjá Steve og þá sérstaklega vegna þess að hann var sjálfur ekki búinn að vera lengi hjá félaginu og virtist ekki vilja gefa of mikið af sér. Jose var í burtu og gat ekki sýnt okkur kennslufræðina né aðferðafræðina sem þeir notast við núna og því fannst mér vanta mikið uppá. Liverpool hefur mikinn fjölda njósnara um allan heim og þá sérstaklega heima í Englandi og í nánasta umhverfi. Þeir vilja finna unga hæfileikaríka knattspyrnumenn og starfrækja knattspyrnskóla í Liverpool og út um allan heim. Þjálfarar hjá Liverpool vinna með skólunum og börnunum í samfélaginu til að þroska knattspyrnuhæfileika þeirra enn fremur. Samkvæmt nýjum lögum þá mega félögin ekki sækja í leikmenn sem búa í meira en 1 1/2 tíma akstursfjarlægð frá æfingarsvæði.

Hápunktur ferðarinnar var fyrirlesturinn hjá Alan Kennedy, fyrrverandi leikmanni Liverpool á áttunda áratugnum og knattspyrnusögum hans af fornri frægð innan vallar sem utan. Alan Philip Kennedy fæddist 31. ágúst 1954 í Sunderland á Englandi og er nú þegar mörgum eldri spark unnendum góðu kunnur. Alan spilaði með Newcastle United (1972 til 1978), Liverpool (1978 til 1985), Sunderland (1985 til 1987), Hartlepool United, Husqvarna (Svíþjóð), Beerschot (Belgíu), Club 1903 (Danmörku), Northwich Victoria, Grantham, Wigan, Colne Dynamos, Wrexham, Morecambe, Netherfield, Radcliffe Borough og Barrow á sínum ferli. Alan var þó lang þekktastur fyrir afrek sín með Liverpool og þá sérstaklega fyrir alla titlana á gullaldarárum klúbbsins. Alan lék 359 leiki og skoraði í þeim 20 mörk og vann meðal annars Englandsmeistararitilinn fimm sinnum, Deildarbikarmeistararitilinn fjórum sinnum, Samfélagsskjöldin þrisvar sinnum og Evrópumeistararitilinn tvisvar sinnum. Alan hafði jafnan gælunafnið Barney en það var komið frá Barney í Steinaldarmönnunum. Alan skoraði tvívegis í úrslitum Deildarbikarsins og jafn oft í Evrópukeppni meistaraliða. Alan tryggði Liverpool Evrópubikarinn í tvígang , fyrst með sigurmarki 1-0 gegn Real Madrid og síðan úrslitamarkið í vítaspyrnukeppni 1984 gegn Roma. Þrátt fyrir frábæran feril þá náði hann ekki að vinna F.A. bikarinn en hann fékk tækifæri til þess árið 1974. Þá lék hann með Newcastle á móti Liverpool en tapaði 3-0. Hann var mjög vinnusamur leikmaður og margir leikmenn nú til dags ættu að taka hann sér til fyrirmyndar. Í fyrirlestrinum sagði hann með eigin orðum **„Ég gafst aldrei upp og lagði mig alltaf 100% fram. Mér fannst að ég gæti spilað fótbolta almennilega þegar ég kom til Liverpool. Ég taldi að ef maður kæmist í liðið þar þá kæmist maður í hvaða lið sem væri. Liðið var gríðarlega sterkt og mér leið vel í liðinu. Þó nokkuð margir leikmenn reyndu að taka stöðuna af mér en ég var nógu góður til að bíta þá alla af mér.“**.....



Aðstaða Liverpool FC akademíunnar er til fyrirmyndar, snyrtileg og vel hugsað fyrir öllu hvort sem það er æfingaaðstaða eða búningsherbergi. Alls eru 9 grasvellir, 1 aðalvöllur fyrir U18, gervigras utanhúss, gervigras innahúss af bestu gerð, endurhæfingaraðstaða, veitingaaðstaða, 12 búningsherbergi, áhaldageymsla, átta skrifstofur, scout herbergi, tvær kennslustofur, fullbúið þvottahús, fundarsalur og lyftingasalur sem er í byggingu.





Laugardagsmorguninn var einnig nokkuð þétt setinn því við vorum nokkrir sem fórum aftur á Finch Farm æfingasvæði Everton FC til þess að horfa á leik U18 og U16 á móti Stoke. Leikirnir fóru báðir fram á sama tíma. Strax eftir leikina var farið á Anfield á leik Liverpool vs Wigan. Nokkrir þjálfarar ákváðu að fara á leik Man Utd og Man City í staðinn. Í lok hvers dags var haldin smá fundur hjá þjálfurum til þess að fara yfir daginn en því miður þá var ég ekki sleipur í norskunni og skildi lítið sem ekkert. Aðrir þjálfarar reyndu þó að útskýra fyrir mér hvað fór fram. Eini ókosturinn við ferðina var að maður skildi ekki allt sem fór fram á milli þjálfara og þá sérstaklega á þessum fundum.

Heilt yfir þá skilaði ferðin mér mörgu jákvæðu og þá sérstaklega fyrirlesturinn hjá Ray Hall, um það að láta leikmönnum líða vel á æfingum, á æfingasvæðinu og fylgja þeim vel eftir svo þeir haldi áfram að styðja félagið. Hugmyndafræði og hugsjón Everton FC kom mjög vel fram og maður sá strax hversu afslappaðra umhverfið var hjá Everton heldur en hjá Liverpool FC, þrátt fyrir að aðalliðið félagsins væri á sama svæði. Æfingaaðstaða liðana er mjög lík en Liverpool FC er enn að vinna í sinni og klára það líklegast á næstu þremur árum. Æfingaaðstaða Everton er fullbúin og klárt að þeir eiga eina flottustu aðstöðuna á Bretlandseyjum. Bæði lið keppast við að ná hæfileikaríkum leikmönnum af sama svæði og því er það mikilvægt að vera með öflugt scout kerfi og vera með heimsklassa aðstöðu og þjálfara á sínum snærum. Nú er verið að þrengja að enskum liðum með reglugerðum og því eru þau líka að bregðast við breyttum aðstæðum. Þau verða að leggja meiri áherslu á uppaldaleikmenn. Það er klárt að akademíur sem þessar eru komnar til að vera og virðast skila bættu starfi og hæfileikaríkari leikmönnum inn í aðallið félaganna. Um leið þá spara félögin sér mikinn kostnað vegna þess að þá þurfa þeir ekki að kaupa nýja leikmenn eða greiða ofurlaun leikmanna sem þeir hafa fengið frá öðrum liðum. Persónulega þá finnst mér þetta vera frábær þróun en því miður þá virðast þessi lið alltaf finna smugur á kerfinu og í heimi samkeppninnar þá er allt leyfilegt. KPÍ, KSÍ og ÍR þakka ég fyrir veittan stuðning, án ykkar hjálpar hefði ferð þessi aldrei orðið að veruleika. Einnig kærar þakkir fyrir traustið sem þið sýnið mér með þessum stuðningi. Vonandi mun þessi skýrsla hvetja aðra þjálfara til þess að sækja um að komast í þessar fræðsluferðir með norska þjálfarafélaginu í framtíðinni.

Með knattspyrnukveðjum,

Halldór Þ. Halldórsson KSÍ A-þjálfari.